

**gólf** *hk – hús*  
[-s, -]

– það þarf að þvo gólfið

‡

**vik-a** *kv – stofa*  
[-u, -ur; [ef.ft] -na]

– það eru sjö dagar í vikunni

‡

**borð** *hk – hús*  
[-s, -]

– viltu leggja á borð?

‡ • borð, skrifborð, borðstofa, yfirborð

**hugs-a** *so vb-a – kalla*  
[-aði]

– ég hugsa oft til þín

‡ • hugsa, hugur, hugsun, athugasemd, athuga, áhugi, hugmynd, áhyggja

**hádegi** *hk – hús J*  
[-s, -]

– borðum saman í hádeginu

‡ • dagur, síðdegi, hár (lo)

**áhersl-a** *kv – stofa*  
[-u, -ur]

– í íslensku er alltaf áhersla á fyrsta atkvæði

‡

**staða** *kv – stofa Ö*  
[stöðu, stöður]

– hann er í góðri stöðu hjá Seðlabankanum

‡ • standa, staður, staðreynd, stöð, stöðva, aðstaða, niðurstaða

‡ veðr

**veður** *hk – hús R B*  
[-s, -]

– það var gott veður í dag

**bað** *hk – hús Ö*  
[-s, böð]

– barnið fer í bað á kvöldin

‡

**metr-i** *kk – tími*  
[-a, -ar]

– ég ætla að fá tvo metra af þessu efni

• millimetri, sentímetri, kílómetri

**guf-a** *kv – stofa*  
[-u, -ur]

– það myndast gufa þegar vatnið sýður  
– ég ætla í gufuna

‡

**hátt-a** *so vb-a – kalla*  
[-aði]

– amma háttar börnin

‡ • háttur

**hjól-a** *so vb-a – kalla*  
[-aði]

– þær ætla að hjóla hringveginn

‡ • hjól

**hlýj-a** *kv et – stofa*  
[-u]

– komdu inn í hlýjuna!

• hlýr

**stig** *hk – hús*  
[-s, -]

– í morgun var þriggja stiga hiti/frost  
– hún fékk tuttugu stig í keppninni

‡ • stigi, stíga, stígur

**fjara** *kv – stofa Ö*  
[fjöru, fjörur]

– þau ganga niður í fjöru

‡